



Leikskólinn Hæðarból

Jafnréttisáætlun

2026-2029



Uppfærð og endurskoðuð af:

Önnu Kristborgu Svanlaugsdóttur og

Jónu Rósu Stefánsdóttur

09.mars 2026

Gleði – leikur – nám.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Hæðarból sem vinnustaður	3
3. Nemendur og jafnrétti í leikskólastarfi	3
Kennsluhættir, efniviður og verkefni.....	4
Mótun einstaklingsins	4
Fræðsla um jafnrétti og samskipti	4
4. Leikskólinn Hæðarból sem þjónustuaðili	4
Jöfn þjónusta við fjölskyldur.....	4
Aðgengi og hagræði	4
Stuðningur við innflytjendur og tvítyngdar fjölskyldur.....	4
Stuðningur við börn með sérþarfir	4
Samskipti og samstarf við foreldra	5
Samfélagsleg ábyrgð.....	5
5. Samstarf og samfélag	5
Samstarf við foreldra	5
Samstarf við Garðabæ og stoðþjónustu	5
Samfélagsleg þátttaka	5
Samstarf um jafnrétti og mannréttindi	5
6. Aðgerðaráætlun Hæðarbóls	5
Markmið og framkvæmd.....	6
Ábyrgð og eftirfylgni	6
Endurskoðun	6

1. Inngangur

Jafnréttisáætlun leikskólans Hæðarbóls er leiðarljós í markvissri vinnu við að tryggja jafnrétti kynja og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun. Áætlunin byggir á jafnréttisstefnu Garðabæjar, Aðgerðaráætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024–2026 og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Markmiðið er að tryggja að virðing fyrir margbreytileika sé höfð að leiðarljósi og að allt starfsfólk njóti jafns réttar óháð kyni, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, fötun, efnahag eða annarri stöðu. Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólk til að stuðla að góðu jafnræði, nýta styrkleika og hæfni allra starfsmanna og tryggja sem jöfnustu kynjahlutföll í störfum innan leikskólans. Kynbundin mismunun er óheimil og unnið er markvisst gegn henni. Líðan og hæfni starfsfólks skiptir sköpum fyrir árangur leikskólans.

2. Hæðarból sem vinnustaður

Leikskólinn Hæðarból leggur áherslu á að skapa uppbyggilegt og virðingarfullt starfsumhverfi þar sem allt starfsfólk njóti jafnréttis, öryggis og jafnra tækifæra til að vaxa í starfi. Jafnrétti í starfsmannahópi stuðlar að faglegu samstarfi og jákvæðum starfsanda.

Vinnuumhverfi og samskipti:

Lögð er áhersla á að skapa öruggt starfsumhverfi þar sem starfsfólk sýnir gagnkvæma virðingu. Ekkert starfsfólk á að verða fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi.

Framkvæmd: Rafræn könnun annað hvert ár um samskipti og fræðslu.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Alltaf.

Jöfn tækifæri í starfi:

Allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri til menntunar, námskeiða og starfsþróunar.

Framkvæmd: Rætt í starfsmannasamtölum árlega og eftirfylgni.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Árlega.

Sveigjanleiki og fjölskylduvæn starfsemi

Leikskólinn kemur til móts við fjölskylduaðstæður starfsfólks.

Framkvæmd: Leyfi vegna barna, sérfræðinga, skólasamtala o.fl.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjórar

Tími: Alltaf.

3. Nemendur og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskólinn Hæðarból tryggir að öll börn fái að njóta sín í öruggu og fordómalausum umhverfi. Jafnrétti og virðing eru undirstaða alls uppeldisstarfs.

Jafnrétti í daglegu starfi

Allt starfsfólk vinnur markvisst að því að tryggja jafnrétti í leik, námi og samskiptum.

Framkvæmd: Í daglegu starfi og skipulagningu.

Ábyrgð: Deildarstjórar og allt starfsfólk.

Tími: Alltaf.

Kennsluhættir, efniviður og verkefni

Námsefni og efniviður skulu ekki ýta undir staðalímyndir.

Framkvæmd: Meðvitað efnisval, samtöl við börn þegar staðalímyndir koma upp.

Ábyrgð: Leikskólastjóri / deildarstjórar / allt starfsfólk.

Tími: Alltaf í daglegu starfi og sérstaklega rætt á skipulagsdögum.

Mótun einstaklingsins

Huga skal að þörfum hvers einstaklings og laga kennsluhætti að þeim.

Framkvæmd: Yfirferð á haust- og vorönn.

Ábyrgð: Deildarstjórar og starfsfólk.

Tími: Haust- og vorönn.

Fræðsla um jafnrétti og samskipti

Börnum er veitt fræðsla um virðingu, samskipti og lýðræðisleg gildi.

Framkvæmd: Dagleg fræðsla í samveru.

Ábyrgð: Allt starfsfólk.

Tími: Alltaf.

4. Leikskólinn Hæðarból sem þjónustuaðili

Leikskólinn veitir fjölskyldum þjónustu á jafnræðisgrundvelli og tryggir að öll samskipti séu fagleg og aðgengileg.

Jöfn þjónusta við fjölskyldur

Allar fjölskyldur eiga jafnan rétt á þjónustu óháð bakgrunni eða aðstæðum.

Framkvæmd: Skýr upplýsingagjöf og jákvæð samskipti.

Ábyrgð: Leikskólastjóri / allt starfsfólk.

Tími: Alltaf.

Aðgengi og hagræði

Þjónusta leikskólans skal vera aðgengileg öllum börnum og fjölskyldum.

Framkvæmd: Kynning, stuðningur, túlkun þegar þarf.

Ábyrgð: Leikskólastjóri / deildarstjórar.

Tími: Alltaf.

Stuðningur við innflytjendur og tvítyngdar fjölskyldur

Virðing borin fyrir mismunandi tungumálum og menningarheimum.

Framkvæmd: Aðlagðar upplýsingar og fjölmennningarstuðningur.

Ábyrgð: Leikskólastjóri / deildarstjórar.

Tími: Alltaf.

Stuðningur við börn með sérþarfir

Börn með fjölbreyttar þarfir fá viðeigandi stuðning, aðlögun og eftirfylgni.

Framkvæmd: Teymisvinna og einstaklingsmiðuð markmið.

Ábyrgð: Deildarstjórar / sérfræðingar / leikskólastjóri.

Tími: Alltaf.

Samskipti og samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra er grundvallaratriði í velferð barna.

Framkvæmd: Foreldrafundur, samtöl og dagleg samskipti.

Ábyrgð: Leikskólastjóri / allt starfsfólk.

Tími: Alltaf.

Samfélagsleg ábyrgð

Leikskólinn tekur þátt í samfélagsverkefnum og vinnur að réttindum barna.

Framkvæmd: Samstarf við Garðabæ og stoðþjónustu.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Alltaf.

5. Samstarf og samfélag

Leikskólinn Hæðarból er virkur þátttakandi í samfélaginu og telur samstarf lykilatriði í farsælu skólastarfi.

Samstarf við foreldra

Foreldrar eru jafnir samstarfsaðilar í öllu sem tengist börnum.

Framkvæmd: Dagleg samskipti, samtöl, fundir.

Ábyrgð: Leikskólastjóri / deildarstjórar.

Tími: Alltaf.

Samstarf við Garðabæ og stoðþjónustu

Tryggt er að börn fái viðeigandi stuðning frá sérfræðingum þegar þörf krefur.

Framkvæmd: Reglulegt samráð og teymisvinna.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Alltaf / eftir þörfum.

Samfélagsleg þátttaka

Leikskólinn tekur þátt í verkefnum innan bæjarins og nýtir nærumhverfið í námi og leik.

Framkvæmd: Viðburðir, útivist og samfélagstengingar.

Ábyrgð: Allt starfsfólk.

Tími: Alltaf.

Samstarf um jafnrétti og mannréttindi

Leikskólinn starfar í anda Barnasáttmálans og styður markmið Garðabæjar um jafnrétti og réttindi barna.

Framkvæmd: Sameiginleg verkefni, fræðsla og samráð.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Alltaf.

6. Aðgerðaráætlun Hæðarbóls

Aðgerðaráætlunin er verkfæri til að tryggja að markmið jafnréttisáætlunarinnar náist í framkvæmd.

Markmið og framkvæmd

Aðgerðir ná m.a. til: launajafnréttis, ráðningaferla, símenntunar, samskiptamenningar, fræðslu barna.

Framkvæmd: Aðgerðir settar í skýra framkvæmdaáætlun og regluleg skráning.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Árlega / eftir efni.

Ábyrgð og eftirfylgni

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd, eftirfylgni og upplýsingagjöf.

Framkvæmd: Ársskýrsla, regluleg kynning fyrir starfsfólki og foreldrum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Árlega.

Endurskoðun

Jafnréttisáætlun skal endurskoða á þriggja ára fresti í samræmi við lög.

Framkvæmd: Mat á árangri og viðhorfum starfsfólks.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tími: Á þriggja ára fresti.